



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 15/2015

## Upplýsingar um þjónustuveitanda á vefsíðunni bilamarkadurinn.is

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 19. september 2014, gerði stofnunin grein fyrir því að hún hafi gert könnun á því hvort verðskrá yfir þjónustuliði og upplýsingar um þjónustuveitanda kæmu fram á vefsíðum sem selja notaða bíla. Í bréfi stofnunarinnar til Bílamarkaðarins, sem rekinn er af Einkabílum ehf., voru gerðar athugasemdir við að á vefsíðuna bilamarkadurinn.is skorti verðupplýsingar um sölubóknun auk þess sem upplýsingar skorti um leyfi og eftirlitsaðila, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Ekkert svar barst.

##### 2.

Í bréfi Neytendastofu, dags. 20. október 2014, kom fram að viðeigandi lagfæringar hafi verið gerðar á vefsíðunni hvað verðmerkingar varði en enn voru gerðar athugasemdir vegna upplýsinga um þjónustuveitanda.

Ekkert svar barst.

##### 3.

Lokaítrekun var send Bílamarkaðnum með bréfi Neytendastofu, dags. 14. janúar 2015.

Ekkert svar barst og við skoðun Neytendastofu á vefsíðunni hinn 20. maí 2015 sést að viðeigandi lagfæringar hafa ekki verið gerðar á síðunni.



## II.

### Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu hefur Bílamarkaðurinn, sem rekinn er af Einkabílum ehf., ekki orðið við kröfum Neytendastofu um að viðunandi lagfærilegar séu gerðar á upplýsingum um þjónustuveitanda þar sem upplýsingar skortir um leyfi og eftirlitsaðila, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 skal þjónustuveitandi veita greiðan og samfelldan aðgang að eftirfarandi upplýsingum um sig:

- „1. nafni,*
- 2. heimilisfangi þar sem hann hefur staðfestu,*
- 3. kennitölu,*
- 4. póstfangi, netfangi og öðrum þeim upplýsingum sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt,*
- 5. virðisaukaskattsnúmeri þjónustuveitanda,*
- 6. þeirri opinberu skrá sem hann er skráður hjá, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá, og*
- 7. leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi hans er háð leyfum.“*

Sala notaðra bifreiða er háð leyfi sýslumanns samkvæmt 12. gr. laga nr. 28/1998, um verslunaratvinnu og því ber Bílamarkaðnum að veita viðeigandi upplýsingar um leyfi og eftirlitsaðila samkvæmt ofangreindum 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002.

Þrátt fyrir ítrekuð bréf Neytendastofu hafa ekki verið gerðar lagfæringar á síðunni.

#### 2.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 30/2002 er Neytendastofu falið eftirlit með að farið sé að ákvæðum 6.-7. gr. og 9.-11. gr. laganna. Sé brotið gegn nefndum ákvæðum gilda ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, um úrræði Neytendastofu, stjórnvaldssektir og málsmeðferð.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Bílamarkaðarins að koma upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðu sinni í rétt horf innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs. Verði það ekki gert skal Bílamarkaðurinn greiða dagsektir í samræmi við 23. gr. laga nr. 57/2005 að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu. Sektarfjárhæðin er ákveðin með mið af meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, umfangs brotsins og fjárhæðum dagsekta í öðrum ákvörðunum Neytendastofu.



**III.**  
**Ákvörðunarorð:**

**„Einkabílar ehf., Tröllateigi 3, Mosfellsbæ, hafa með því að veita ekki upplýsingar um leyfi og eftirlitsaðila á vefsíðunni bilamarkadurinn.is brotið gegn ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.**

**Einkabílar ehf., skulu innan tveggja vikna frá dagsetningu þessarar ákvörðunar gera viðeigandi úrbætur á vefsíðunni. Verði það ekki gert innan tilskilins tíma skal félagið greiða dagsektir að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu.“**

Neytendastofa, 20. maí 2015

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir